108. Frumvarp til laga

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og á eftirlaun og styrktarfé samkvæmt 18. gr. fjárlaga úr ríkissjóði, samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Heimilt er lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra að greiða verðlagsuppbót á lífeyri á sama hátt. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum upphæðir þær, er þeir greiða samkv. ákvæðum þessum.

2. gr.

Hagstofan, eða aðrir, ef lög ákveða svo, gerir yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar—marz 1939.

Vísitölu þessa skal leggja til grundvallar við útreikning verðlagsuppbótar fyrir hvern mánuð.

3. gr.

Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (= 100). Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði.

4. gr.

Nú tekur maður laun, eftirlaun eða fasta þóknun fyrir fleira en eitt starf eða hjá fleiri ríkisstofnunum í senn, og skal þá reikna uppbótina af launum samanlögðum og skipta hlutfallslega á þá aðila, sem launin greiða.

5. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú er greidd samkvæmt lögum. Nú fylgja embætti eða starfi hlunnindi, svo sem leigulaus bústaður, frítt ljós og hiti, og greiðist þá ekki uppbót á slík hlunnindi. Sama er að segja um húsaleigustyrki, skrifstofufé eða embættiskostnað, sbr. þó 6. gr., að því er við á.

6. gr.

Embættis- og starfsmönnum, sem fá greitt skrifstofufé eða embættiskostnað úr ríkissjóði, er heimilt að greiða starfsfólki sínu verðlagsuppbót samkvæmt þeim reglum, er að framan greinir, gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði eftir reikningi, sem fjármálaráðherra úrskurðar.

7. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega með laununum og miðast við vísitölu framfærslukostnaðar í næsta mánuði á undan.

8. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglugerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga.

9. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1941 til 1. júlí 1942. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 77 frá 1940.